

LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 29. apríl 2026.

Mál nr. 220/2026:

BS-eignir ehf.

(Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður)

gegn

Húsasmiðjunni ehf.

(Magnús Ingvar Magnússon lögmaður)

og

Idealcombi A/S

(Hannes Júlíus Hafstein lögmaður)

Lykilorð

Kærumál. Málskostnaður. Dómsátt. Yfirmatsgerð. Dráttarvextir.

Útdráttur

Ágreiningur málsaðila átti rætur að rekja til málshöfðunar B ehf. gegn H ehf. og I A/S til greiðslu skaðabóta vegna gallaðra glugga sem B ehf. keypti af H ehf. og I A/S framleiddi. Aðilar gerðu dómsátt undir rekstri málsins í héraði en lögðu ágreining um málskostnað í úrskurð héraðsdóms sem felldi málskostnað niður og sneri ágreiningurinn fyrir Landsrétti einvörðungu að þeirri niðurstöðu. Landsréttur leit meðal annars til þess að með dómsátt málsaðila hefði B ehf. fengið um 77% af upphaflegri höfuðstólskröfu sinni greidd. Þá hefðu H ehf. og I A/S hafnað greiðsluskyldu frá upphafi og B ehf. því verið nauðugur sá kostur að höfða dómsmál til að sækja kröfu sína, en í málinu hefðu H ehf. og I A/S haldið uppi fullum vörnum allt þar til sættir tókust, eftir að B ehf. hafði aflað yfirmatsgerðar. Var H ehf. og I A/S því gert að greiða B ehf. málskostnað en við ákvörðun hans var talið að sú tímaskráning sem B ehf. byggði málskostnaðarreikning sinn á væri úr hófi. Var málskostnaður því ákvarðaður eftir mati dómsins, sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson og Kristbjörg Stephensen kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 17. mars 2026. Greinargerðir varnaraðila bárust réttinum 7. apríl sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. mars 2026 í málinu nr. E-4830/2023 þar sem málskostnaður milli aðila var felldur niður. Kæruheimild er í g-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

- 2 Sónnaraðili krefst þess að varnaraðilum verði sameiginlega gert að greiða honum málskostnað í héraði. Til vara krefst hann þess að varnaraðila Idealcombi A/S verði gert að greiða honum málskostnað í héraði. Þá krefst hann kærúmálskostnaðar í báðum tilvikum.
- 3 Varnaraðili Húsasmiðjan ehf. krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- 4 Varnaraðili Idealcombi A/S krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar auk kærúmálskostnaðar.

Niðurstaða

- 5 Málsatvikum og málsástæðum aðila er skilmerkilega lýst í hinum kærða úrskurði.
- 6 Málið höfðaði Hús & Lóðir ehf. í mars 2023 á hendur varnaraðilum. Sónnaraðili hefur lagt fyrir Landsrétt tilkynningu til fyrirtækjaskrár Skattsins 28. júlí 2025 þar sem tilkynnt er um samruna Húsa & Lóða ehf. og sóknaraðila sem yfirtökufélags. Samkvæmt 102. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög telst yfirteknu félagi slitið og réttindi þess og skyldur runnin í heild sinni til yfirtökufélags þegar samruni hefur verið samþykktur og skráður.
- 7 Af þessu leiðir að frá og með 28. júlí 2025 var Hús & Lóðir ehf. ekki lengur til sem sjálfstæður lögaðili sem gat átt réttindi eða borið skyldur, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Þar sem héraðsdómur kvað upp úrskurð 5. mars 2026 var þá úrskurðað í máli aðila sem lögum samkvæmt var ekki til.
- 8 Ágreiningslaust er að sóknaraðili hefur tekið við öllum réttindum og skyldum Húsa & Lóða ehf. og leikur því ekki vafi á efnislegri skyldu hans til að svara til saka fyrir það félag. Aðild sóknaraðila raskar ekki grundvelli málsins, enda tekur hann við málinu í því horfi sem það er og hefur sömu réttindi og skyldur og Hús & Lóðir ehf. hefðu haft, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 28. janúar 2026 í máli nr. 70/2025. Samkvæmt þessu er sóknaraðili réttur aðili að málinu fyrir Landsrétti.
- 9 Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði skal málskostnaður ákveðinn með úrskurði ef sátt tekst um annað en hann, sbr. 2. mgr. 108. gr. laga nr. 91/1991. Í 1. mgr. 130. gr. sömu laga er kveðið á um þá meginreglu að sá sem tapar máli í öllu verulegu skuli að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Af 3. mgr. sömu lagagreinar leiðir að ef aðili vinnur mál að nokkru og tapar því að nokkru megi dæma annan aðilann til að greiða hluta málskostnaðar hins eða láta hvorn þeirra bera sinn kostnað af málinu.
- 10 Óumdeilt er að fjárhæð endanlegrar dómkröfu sóknaraðila nam 258.359.859 krónum með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 15. mars 2022 til greiðsludags. Auk þess er ekki ágreiningur um að fjárhæð þeirrar kröfu hafi staðið í 454.759.646 krónum 25. febrúar 2026 að teknu tilliti til áfallinna dráttarvaxta.

- 11 Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði lauk máli aðila með gerð dómsáttar 17. febrúar 2026, þar sem varnaraðilar skuldbundu sig til að greiða sóknaraðila samtals 200.000.000 króna vegna þeirra krafna sem hafðar voru uppi í dómsmálinu. Með dómsáttinni féll sóknaraðili enn fremur frá öllum frekari kröfum á hendur varnaraðilum. Samkvæmt gögnum sem hafa verið lögð fram við meðferð málsins fyrir Landsrétti skiptu varnaraðilar með sér greiðslum á grundvelli sáttarinnar með þeim hætti að varnaraðili Húsasmiðjan ehf. greiddi sóknaraðila 20.000.000 króna en varnaraðili Idealcombi A/S 180.000.000 króna.
- 12 Varnaraðilar byggja á því að í þessum málalokum hafi falist eftirgjöf ríflega helmings krafna sóknaraðila að teknu tilliti til áfallinna dráttarvaxta og því beri að staðfesta hinn kærða úrskurð um niðurfellingu málskostnaðar með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um að sóknaraðili hafi unnið málið að nokkru og tapað því að nokkru. Var hinn kærði úrskurður meðal annars reistur á þessari forsendu.
- 13 Fyrir liggur að sú greiðsla til sóknaraðila sem samið var um í fyrrnefndri dómsátt aðila nam um 77% af upphaflegri höfuðstólskröfu sóknaraðila. Að því er varðar þau rök varnaraðila að líta beri til áfallinna dráttarvaxta allt fram að sáttadegi þá hefur ekki verið litið svo á í dómaframkvæmd að eftirgjöf vaxta í dómsátt leiði sjálfkrafa til þess að mál teljist unnið eða tapað að hluta þegar höfuðstóll er greiddur að mestu eða öllu leyti, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 5. september 2008 í máli nr. 344/2008.
- 14 Þá verður einnig að líta til þess að ekki verður annað séð af gögnum málsins en að varnaraðilar hafi hafnað greiðsluskyldu frá upphafi. Sóknaraðila var því nauðugur sá kostur að höfða dómsmál til að sækja kröfu sína. Í dómsmálinu héldu varnaraðilar svo uppi fullum vörnum allt þar til sættir tókust. Verður enn fremur í því tilliti ekki framhjá því litið að sættir náðust ekki milli málsaðila fyrr en eftir að sóknaraðili hafði aflað yfirmatsgerðar. Með vísan til alls framangreinds verður varnaraðilum gert að greiða sóknaraðila málskostnað að hluta, sbr. 3. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991.
- 15 Samkvæmt 1. mgr. 129. gr. sömu laga telst til málskostnaðar meðal annars kostnaður af flutningi máls, þóknun matsmanns og annar kostnaður sem stafar beinlínis af málinu. Sóknaraðili hefur lagt fram málskostnaðarreikning að fjárhæð 54.052.436 krónur. Við ákvörðun málskostnaðar verður fallist á með varnaraðilum að torvelt sé að ákvarða með nákvæmum hætti hvaða útgjöld og vinna hafa farið í vinnslu málsins af hálfu sóknaraðila fyrir utan þann kostnað er hlaust af öflun yfirmatsgerðar og nemur 4.228.000 krónum.
- 16 Telja verður að sú tímaskráning sem byggt er á í málskostnaðarreikningi sóknaraðila sem lá fyrir við meðferð málsins í héraði og nemur alls rúmlega 1.341 vinnustund sé úr hófi fram miðað við umfang málsins en í tímaskráningu er þess að engu getið hvaða vinna var unnin hverju sinni þannig að unnt sé að taka afstöðu til þess hvort og að hvaða leyti vinnan verði felld undir málskostnað í skilningi a- til g-liðar 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Af fylgiskjali um yfirlit yfir hagsmunagæslu sem sóknaraðili

lagði fram með sama reikningi verður enn fremur ráðið að reikningurinn varði meðal annars vinnu og kostnað við annað dómsmál en það sem var til lykta leitt með dómsátt aðila 17. febrúar 2026 og geta því ekki að réttu lagi talist til málskostnaðar. Er því ókleift að taka mið af reikningnum við ákvörðun málskostnaðar.

- 17 Fyrir Landsrétti hefur sóknaraðili lagt fram tvær sundurliðaðar tímaskýrslur á samtals 42 blaðsíðum, sem ekki lágu fyrir í héraði. Eins og fyrri málskostnaðarreikningur sóknaraðila eru tímaskýrslurnar því marki brenndar að þær sýna ekki með glöggum hætti hvernig sú vinna og kostnaður sem þar greinir falli undir kostnað vegna dómsmáls aðila. Verður því að ákvarða málskostnað eftir mati dómsins, sbr. 3. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.
- 18 Fyrir liggur að sóknaraðili lagði út 4.228.000 krónur vegna öflunar yfirmatsgerðar, sem lögð var fram í þessu máli og telja verður hafa verið nauðsynlega til að renna stoðum undir málatilbúnað hans. Telst kostnaður vegna hennar falla undir e-lið 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Hvað varðar annan málskostnað sóknaraðila er ljóst að umtalsverð vinna hefur farið fram við gagnaöflun, stefnugerð og málflutning sem heyrir undir þetta tiltekna mál. Ekki verður um villst að verulegur fjöldi gagna lá fyrir við gerð dómsáttarinnar en þar sem einungis hluti þeirra gagna hefur verið lagður fram við meðferð þessa kærumáls verður að meta ætlaða vinnu að álitum að nokkru leyti. Jafnframt er til þess að líta að málið varðaði umalsverða fjárhagslega hagsmuni.
- 19 Að öllu þessu virtu verður hæfileg málflutningsþóknun lögmanns sóknaraðila, sem beinlínis verður rakin til rekstrar málsins og gagnaöflunar í tengslum við hann ákveðin 5.000.000 króna. Við þá fjárhæð bætist kostnaður vegna yfirmatsgerðar að fjárhæð 4.228.000 krónur.
- 20 Þrátt fyrir að samkomulag kunni að hafa tekist á milli varnaraðila um innbyrðis skiptingu þeirrar fjárhæðar sem samið var um í dómsátt aðila verður litið til þess að dómsáttin kvað eftir sem áður á um greiðsluskyldu varnaraðila „sameiginlega og óskipt“. Þykir því ekki tilefni til að víkja frá meginreglu 2. málslíðar 2. mgr. 132. gr. laga nr. 91/1991 og verður varnaraðilum gert að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað óskipt, sem verður ákveðinn eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Varnaraðilar, Húsasmiðjan ehf. og Idealcombi A/S, greiði óskipt sóknaraðila, BS-eignum ehf., 9.228.000 krónur í málskostnað í héraði og 500.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. mars 2026

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar um málskostnað 25. febrúar 2026, var höfðað af hálfu félagsins Hús & Lóðir ehf., [...] á hendur Húsasmiðjunni ehf., [...] þann 22. mars 2023 og á hendur Ideal Combi A/S, [...] þann 29. apríl s.á., til greiðslu skaðabóta.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru settar fram með framhaldsstefnu og eru þær aðallega að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt 258.359.859 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 15. mars 2022 til greiðsludags. Þá er þess krafist að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt málskostnað að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi Húsasmiðjan ehf. verði dæmdur til að greiða stefnanda framangreindar kröfur, en til þrautavara að stefndi IdealCombi A/S verði dæmdur til að greiða stefnanda sömu kröfur.

Stefndu krefjast hvor fyrir sig, jafnt í upphaflegum greinargerðum sínum sem í greinargerðum í framhaldssök, aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi Húsasmiðjan ehf. lækkunar á kröfum stefnanda, en stefndi Ideal Combi A/S krefst verulegrar lækkunar á þeim kröfum. Stefndu krefjast hvor fyrir sig málskostnaðar að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Aðilar hafa gert með sér dómsátt um annað en málskostnað. Framangreindar kröfur aðila um málskostnað voru lagðar úrskurð dómsins, sbr. 2. mgr. 108. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og eru þær til úrlausnar í úrskurði þessum.

Helstu málsatvik, ágreiningsefni og meðferð málsins

Helstu málavextir eru þeir að stefnandi tók að sér húsbyggingar í Borgarnesi, fjölbýli með 29 íbúðum, verslunar- og þjónusturými og hótél með 81 herbergi. Framkvæmdir hófust á árinu 2017. Stefndi notaði við byggingarnar glugga sem keyptir voru hjá stefnda Húsasmiðjunni ehf., en framleiddir voru af stefnda Ideal Combi A/S í Danmörku. Gluggarnir byrjuðu fljótlega að leka og reyndust þær úrbætur sem stefndu stóðu fyrir á árinu 2019 ekki duga til að leysa lekavandamálið.

Niðurstaða mats, dags. 2. janúar 2022, sem stefnandi aflaði í matsmáli við Héraðsdóm Vesturlands, nr. M-82/2021, gegn stefnda Húsasmiðjunni ehf., mun hafa verið sú að ekki væri með fullnægjandi hætti hægt að laga gluggana, sem ekki stæðust almennar kröfur, og óhjákvæmilegt væri því að skipta þeim út fyrir nýja. Stefndi Húsasmiðjan ehf. aflaði mats vegna sömu atvika í matsmáli við Héraðsdóm Reykjavíkur, nr. M-932/2023, sem höfðað var á hendur stefnanda og meðstefnda Ideal Combi A/S í ársbyrjun 2023. Stefndi hafði þá fellt niður einkamál sem hann hafði höfðað á hendur Húsasmiðjunni við Héraðsdóm Reykjavíkur á árinu 2022 vegna sömu atvika. Stefndi höfðaði þess í stað mál þetta á hendur báðum stefndu í mars og apríl vorið 2023.

Í apríl 2023 höfðuðu húsfélag og eigendur einstakra eignarhluta í húsunum í Borgarnesi mál fyrir Héraðsdómi Vesturlands, nr. E-148/2023, á hendur stefnanda og fleiri aðilum vegna sömu atvika, en stefndi í þessu máli stefndi stefndu í þessu máli til réttargæslu í því máli. Undir rekstri þess máls var einnig aflað matsgerðar og var matið unnið af sömu matsmönnum og dómkvaddir höfðu verið í Reykjavík í matsmáli nr. M-932/2023 og samhliða því mati, með sambærilegum niðurstöðum matsgerða, dags. 4. febrúar 2024, um að gluggarnir stæðust ekki almennar kröfur og þeim þyrfti að skipta út og var sá kostnaður metinn. Efniságreiningi máls nr. E-148/2023 lauk fyrir Héraðsdómi Vesturlands með dómsátt þann 2. apríl 2025, en úrskurðað var við þann dómstól um kröfur aðila um málskostnað, sbr. úrskurð Landsréttar í kærumáli nr. 298/2025.

Undir rekstri þessa máls aflaði stefnandi matsgerðar um afleitt fjártjón sitt vegna leku glugganna og var það kostnaðarmetið í matsgerð dómkvaddra matsmanna, dags. 8. október 2024, sem lögð var fram við fyrirtöku í málinu 5. nóvember s.á. Þá voru undir rekstri þessa máls að beiðni stefnanda dómkvaddir þrír yfirmatsmenn 1. apríl 2025, til að endurmeta tiltekna kostnaðarþætti í undirmatsgerð í matsmálinu nr. M-932/2023. Þann 30. apríl s.á. var einn þeirra leystur frá störfum og annar yfirmatsmaður dómkvaddur í hans stað. Yfirmatsgerð, dags. 30. júlí 2025, var lögð fram í málinu 23. september 2025.

Í sama þinghaldi lagði stefnandi fram framhaldsstefnu í málinu, sem áskilnaður hafði verið gerður um í stefnu, og sætti það engum andmælum stefndu. Í framhaldsstefnu eru fyrrgreindar endanlegar dómkröfur stefnanda, þar sem annars vegar er dregið úr fjárkröfum samkvæmt stefnu og hins vegar aukið við þær á grundvelli matsgerða. Stefndu lögðu fram greinargerðir í framhaldssök við fyrirtöku málsins 18. nóvember 2025 og krefjast þar aðallega sýknu en lækkunar á kröfum stefnanda til vara. Málinu var upp frá því frestað, fyrst til gagnaöflunar en svo til sáttaviðræðna.

Sáttaviðræður aðila báru loks þann árangur að dómsátt var lögð fram í málinu 25. febrúar 2026, um annað en málskostnað. Með dómsáttinni samþykktu stefndu sameiginlega og óskipt að greiða stefnanda 200.000.000 króna. Ágreiningur aðila um málskostnað var tekinn til úrskurðar í kjölfar málflutnings lögmanna aðila sama dag.

Kröfur og málsástæður aðila í þessum þætti málsins

Stefnandi krefst málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu, sem tapað hafi málinu í öllu verulegu, samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi. Fjárhæð reikningsins er alls 54.052.436 krónur. Þar af er útlagður kostnaður 7.228.400 krónur, annars vegar fyrir yfirmatsgerð 4.228.000 krónur, stutt reikningum yfirmatsmanna, og hins vegar margvíslegur annar kostnaður sem virðist tengjast gagnaöflun, samtals 2.860.687 krónur. Málflutningsþóknun er samkvæmt reikningnum 46.824.036 krónur, fyrir samtals 1.341,75 klukkustundir, en ekki er tilgreint hvenær unnið er eða við hvað er unnið.

Í skýringum með reikningnum kemur fram að málskostnað sem fallið hefði til fyrir höfðun þessa máls hefði Húsasmiðjan gert upp á grundvelli samkomulags. Þá er í skýringum undir lið A í sjö liðum tilgreind verkefni sem tilheyri hagsmunagæslu undir rekstri málsins, sem eru 1) samskipti aðila vegna galla, tilrauna til úrbóta og afleiðinga, 2) málatilbúnaður og viðvera á matsfundum vegna matsgerðar dags 4. febrúar 2024, 3) sama vegna matsgerðar dags. 8. október 2024, 4) sama vegna matsgerðar dags. 30. júlí 2025, 5) gerð framhaldsstefnu, 6) þinghöld í héraðsdómi og 7) sáttaumleitan og sáttargerð. Í fimm liðum undir lið B er tilgreind hagsmunagæsla sem nefnd er bein afleiðing af atvikum málsins og virðist tengjast rekstri málsins sem stefnandi tók til varna í við Héraðsdóm Vesturlands. Þeir liðir varða 1) bréfaskrif og viðveru á húsfundum vegna deilna sem spruttu af atvikum málsins, 2) ágreining og útburð á rekstraraðila hótels sem stöðvaði greiðslur vegna atvika málsins, 3) varnir í héraðsdómsmálinu nr. E-148/2023, 4) réttargæslustefnu í því máli og 5) samskipti og sáttagerð í sama máli. Ekki kemur fram hvaða tímafjöldi liggur að baki þessum liðum hverjum fyrir sig eða hvernig vinnuframlag skiptist milli A- og B-liða.

Við munnlegan málflutning var upplýst að ekki hefði verið haldið saman af hálfu lögmanna stefnanda hvaða kostnaður hefði fallið til vegna reksturs máls nr. E-148/2023 í Héraðsdómi Vesturlands og hvað hefði fallið til í þessu máli. Lögmaður stefnanda taldi þó að um helmingur af vinnunni sem getið sé um á reikningi félli undir verkefni sem greinir í lið A og væru þau verkefni eingöngu vegna þessa máls eftir höfðun þess. Það væru þá um 23 milljónir króna, auk ríflega 7 milljóna króna sem lagðar hefðu verið út vegna ýmiss kostnaðar. Vísaði lögmaður stefnanda til þess að málið væri umfangsmikið, aflað hefði verið matsgerða og að stefndi Ideal Combi hefði lengst af hafnað ábyrgð sinni á tjóninu. Taldi lögmaðurinn stefnanda hafa unnið málið í öllu verulegu og dæma ætti honum málskostnað samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast báðir málskostnaðar úr hendi stefnanda og andmæla kröfum hans um málskostnað. Til vara krefjast þeir þess að málskostnaður verði felldur niður milli aðila, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, en að öðrum kosti er krafist verulegrar lækkunar krafna stefnanda. Lögmenn stefndu lögðu ekki fram málskostnaðarreikninga, en kváðu vinnu sína við málið og kostnað engu minni vera en lögmanna stefnanda.

Stefnandi hafi í raun gefið eftir um 250 milljónir af kröfum sínum. Endanlegar kröfur í framhaldsstefnu, að höfuðstól 258.359.859 krónur, sem með reiknuðum dráttarvöxtum frá þeim tíma sem krafist er, sé að fjárhæð 454.759.646 krónur. Stefndu hafi með sátt fallist á að greiða 200.000.000 króna og hafi aðilar þar með unnið málið að nokkru og tapað því að nokkru, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Því sé rétt að fella niður málskostnað milli aðila á grundvelli ákvæðisins.

Málskostnaðarreikningi stefnanda mótmæla stefndu sem óhóflegum. Þar sé blandað saman kostnaðarliðum úr öðrum málum, sem ýmsir féllu auk þess ekki undir málskostnað eins og hann sé skilgreindur í 129. gr. laga nr. 91/1991. Þá var því mótmælt sérstaklega að umfang þessa máls væri svipað og málsins í Borgarnesi. Umfang þessa máls væri mun minna en máls Héraðsdóms Vesturlands nr. 148/2023, sem lokið var með sátt og úrskurði um málskostnað, sbr. úrskurð Landsréttar í máli nr. 298/2025. Verði málskostnaður ekki felldur niður í þessu máli megi hafa til hliðsjónar niðurstöðu í 11. málsgrein þessa úrskurðar Landsréttar, þar sem rétt var talið með hliðsjón af 3. mgr. 130. gr. að gera stefnanda þessa máls og öðrum sem stefnt var í því máli að greiða stefnendum þess máls hluta af málskostnaði þeirra.

Niðurstaða

Samkvæmt 2. mgr. 108. gr. laga nr. 91/1991 skal málskostnaður ákveðinn með úrskurði ef sátt tekst í máli um annað en málskostnað, og svo stendur á í þessu máli eins og fram er komið. Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 skal sá sem tapar máli í öllu verulegu að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað, en samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar má, ef aðili vinnur mál að nokkru en tapar því að nokkru, eða veruleg vafaatriði eru í máli, dæma annan aðilann til að greiða hluta málskostnaðar hins eða láta hvorn þeirra bera sinn kostnað af málinu.

Fram kom við málflutning að óumdeilt er að fjárhæð málskostnaðarreiknings stefnanda hefur fallið til vegna vinnu við og kostnaðar af dómsmáli við Héraðsdóm Vesturlands, auk þessa máls. Taka verður undir það með stefndu að umfang málsins í Borgarnesi verður að teljast meira en umfang þessa máls. Sést það bæði af dómsátt og úrskurðum um málskostnað í því máli, en þar er m.a. vísað til þess hversu flókin samsetning sé á stefnendum og stefnukröfum og hlutdeild hvers og eins í þeim, auk þess sem réttargæsluáðild stefndu dró ekki úr réttarfarslegu flækjustigi þess máls. Í þessu máli er áðild ekki flókin og dómsáttin einföld í sniðum þar sem stefndu fallast á að greiða stefnanda sameiginlega tiltekna fjárhæð. Fallist er á það með stefndu að ógjörningur er að áætla raunverulegra fjárhæð vegna útgjalda og vinnu sem beinlínis hljótist af þessu máli af framlögðum málskostnaðarreikningi stefnanda, ef frá er talinn kostnaður vegna yfirmatsgerðar að fjárhæð 4.228.000 krónur.

Aðilar hafa allir notið þjónustu lögmanna sem sótt hafa þinghöld og tekið þátt í matsvinnu og stefndi Húsasmiðjan mun jafnframt hafa borið kostnað af undirmatsgerð í matsmáli. Þá hafa lögmenn þeirra allra komið að vinnu sem leiddi til dómsáttarinnar. Sem fyrr segir er töluleg óvissa um þá fjárhæð sem telja ber til málskostnaðar stefnanda í þessu máli. Lögmenn stefndu hafa ekki heldur gert tölulega grein fyrir málskostnaði sínum en leggja ákvörðun um fjárhæð í mat dómsins. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á annað verður að gera ráð fyrir því að málskostnaður aðila sem beinlínis hlýst af þessu máli sé sambærilegur hjá þeim öllum.

Lögmaður stefnda Ideal Combi lagði fyrir dóminn við málflutning útreikning á raunvirði dómkröfu stefnanda samkvæmt framhaldsstefnu, þ.e. höfuðstóll að fjárhæð 258.359.859 krónur að viðbættum þeim dráttarvöxtum sem þar er krafist frá 15. mars 2022, sem þann 25. febrúar 2026 var að fjárhæð 196.399.787 krónur. Samtals er raunvirði dómkröfunnar því 454.759.646 krónur og sætti sá útreikningur ekki tölulegum andmælum af hálfu stefnanda eða meðstefnda. Stefndu hafa með dómsátt fallist á að greiða stefnanda 200.000.000 króna og telja stefndu aðila málsins þar með unnið það að nokkru og tapað því að nokkru, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Að virtum gögnum málsins, framangreindum atvikum, kröfugerð og málatilbúnaði aðila er fallist á það með stefndu að með þeim úrslitum málsins sem fram koma í dómsátt aðila hafi þeir hver um sig í raun unnið mál þetta að nokkru og tapað því að nokkru. Því þykir rétt með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu. Verður málskostnaður því felldur niður milli aðila.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Málskostnaður fellur niður milli aðila.